

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 547/1990, um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

---

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Við alþingiskosningarnar 25. apríl 1987 buðu eftirtalin stjórnmalasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

- |   |                        |   |                                     |
|---|------------------------|---|-------------------------------------|
| A | Alþýðuflokkur          | J | Samtök um jafnrétti og félagshyggju |
| B | Framsóknarflokkur      | M | Flokkur mannsins                    |
| C | Bandalag jafnaðarmanna | S | Borgaraflokkur                      |
| D | Sjálfstæðisflokkur     | V | Samtök um kvemalista                |
| G | Alþýðubandalag         | P | Þjóðarflokkur                       |

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**